

# Ársskýrsla ÁTVR 2006



Vínviðurinn er gróskumikil klifurjurt sem er fljót að breiða úr sér og senda sprota í allar áttir. Til að stjórna uppskeru og gæðum við vínframleiðslu er vínviðurinn venjulega klipptur niður og bundinn á víra. Það er mikil vinna.




# Efnisyfirlit


**Frá forstjóra** . . . . 4

**Árið í heild** . . . . 8

**Heildarstefna ÁTVR** . . . . 11

**Skipurit og framkvæmdaráð** . . . . 12

**Starfsemin** . . . . 13

Viðskiptavinir . . . . 14

- Fræðsla og þjónusta . . . . 14
- Þemadagar . . . . 14
- Vínblað . . . . 14
- Vöruúrval . . . . 15

Mannauður . . . . 15

- Ný þjónustustefna . . . . 15
- Nýr fatnaður . . . . 16
- Vínskóli og námskeið . . . . 16
- Fræðsla um innanhússmál . . . . 16
- Vinnustaðurinn . . . . 18
- Samkomur . . . . 18

Samfélagsleg ábyrgð . . . . 19

Rekstur . . . . 19

Niðurstöður úr árangursmati . . . . 20

Markmið og árangur . . . . 20

Vínbúð ársins . . . . 21

**Ársreikningur** . . . . 23

**Skýrsla og áritun forstjóra** . . . . 24

**Áritun endurskoðenda** . . . . 25

**Rekstrarreikningur** . . . . 27

**Efnahagsreikningur** . . . . 28

**Sjóðstreymi** . . . . 31

**Skýringar** . . . . 33

**Sundurliðanir** . . . . 39


**Forsíðumynd:**
Humlar eru helsti bragðgjafi í bjór, auk kornsins. Eitt helsta einkenni þeirra er beiskt bragð, en beiskjunni má stjórna með vali á humlaafbrigðum og hvernig humlarnir eru notaðir við bruggun. Þekkt afbrigði af humlum eru t.d. *Saaz*, *Spalter* og *Tettnanger*.



# 4 Frá forstjóra

Á árinu 2007 er Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins 85 ára. Við þau tímamót er við hæfi að rifja upp að ÁTVR á sér langa og merka sögu en vegna drykkjuvenja Íslendinga á árum áður voru ýmis úrræði reynd til þess að stilla áfengisneyslu í hóf, svo sem skömmtun, algjör lokun og loks undanþágur á stríðsárunum.

Áfengisverslun ríkisins, ÁVR, tók til starfa árið 1922 en þá var losað um bann við innflutningi áfengis, sem gilt hafði frá 1. janúar 1912 og sölubann frá 1. janúar 1915. Árið 1961 var Áfengisverslunin sameinuð Tóbaksverslun ríkisins og ÁTVR varð til. Í upphafi var einungis léttvín á boðstólum, sterka áfengið kom í sölu árið 1935 og sala á bjórnum hófst árið 1989.

Á *mynd 1* hér að neðan má sjá þróun í neyslu áfengis á Íslandi frá árinu 1987.

Mynd 1

**Neysla í alkóhóllítrum, 15 ára og eldri**




Þróun áfengisneyslu á Íslandi og markmið heilbrigðisáætlunar stjórnvalda sem samþykkt var á Alþingi 20. maí 2001 (dökkrauð lína).

Dökkrauða línan sýnir markmið stjórnvalda eins og það er skilgreint í heilbrigðisáætlun Alþingis til ársins 2010 en það er við 5 lítra markið. Sjá má að síðustu árin eykst áfengisneyslan stöðugt og er nú komin í um 7,2 lítra á mann eldri en 15 ára og er það töluvert umfram markmiðið sem stjórnvöld settu sér. Svipaðar neyslutölur eru frá Noregi og Svíþjóð. Finnland sker sig nokkuð úr frá Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Þar er neyslan komin yfir 12 lítra en áfengiseinkasalan í Finnlandi, ALKO, hefur gengið hvað lengst í að fjölga áfengisverslunum, lengja afgreiðslutíma og lækka verð.

Til samanburðar má nefna lönd eins og Danmörku og Írland þar sem sala á áfengi er frjáls. Þar er neyslan frá 13 til 14 lítrum af hreinu alkóhóli á mann eldri en 15 ára. Einnig má geta þess að í Rússlandi er neyslan um 18 lítrar. Það er mikil neysla og vandamálin tengd misnotkun á áfengi veruleg. Við eigum sem betur fer langt í land með að ná þessum nágrannalöndum okkar í neyslu á áfengi en þróunin á Íslandi veldur sérfræðingum í áfengismálum áhyggjum.

Að mati sérfræðinga felst kjarni aðhaldssamrar áfengisstefnu í að:

> Nota sölukerfi sem ekki byggir á hefðbundinni hagnaðarkröfu einkarekstrar. Í því felst að seljendur áfengis mega ekki hafa persónulegan ávinning af sölunni. Persónulegur ávinningur er talinn leiða til aukinnar sölu.
>
> Draga úr sölu með háu verði.
>
> Takmarka aðgengi með því að hafa fáar verslanir sem selja áfengi og takmarka afgreiðslutíma þeirra.
>
> Vinna að öflugu forvarnarstarfi ásamt því að hefta aðgengi unglinga að áfengi.
>
> Stuðla að ábyrgri neyslu.



Ívar J. Arndal, forstjóri ÁTVR

Framangreindir þættir, hver fyrir sig, hafa þau áhrif að draga úr heildarneyslunni og þar með skaðsemisáhrifunum. Í megindráttum er þetta það kerfi sem við búum við á Íslandi. En hvernig er þá hægt að skýra að þrátt fyrir aðhaldssama áfengisstefnu eykst neyslan stöðugt ár frá ári?

Ef skoðaðar eru tölur frá Hagstofunni um þróun kaupmáttar má sjá að sterk fylgni er á milli áfengisneyslu og kaupgetu. *Sjá mynd 2.*

Mynd 2

**Þróun áfengisneyslu og kaupgetu 1995–2005**




Af myndinni má sjá að þegar kaupgetan eykst þá eykst áfengisneyslan.

Þegar þetta er skoðað í samhengi við þá þróun að raunverð á áfengi hefur líka farið lækkandi á undanförnum árum, *sjá mynd 3*, má segja að skýringin á söluaukningunni sé að einhverju leyti fram komin. Kaupgeta almennings er að aukast og raunverð hefur lækkað á sama tíma. Aukin kaupgeta og lækkandi raunverð á áfengi virðist þýða að áfengisneyslan eykst.

Mynd 3

**Þróun áfengisverðs umreiknað samkvæmt lánskjaravísitölu**






Verð hverrar tegundar sett 100 í árið 1995.

Verð á áfengi er öflugt stjórntæki til þess að stýra sölu. Í þessu sambandi má líta til reynslu Finna en Finnland lækkaði áfengisskattana hjá sér árið 2004 þegar Eistland fékk inngöngu í EU. Þar var áfengið miklu ódýrara en í Finnlandi og ætlun Finna var að jafna verðið þannig að heimamenn myndu ekki streyma til Eistlands í leit að ódýru áfengi. En hvaða afleiðingar hafði þetta? Heildarneyslan jókst verulega og skaðsemisáhrifin þar með. Aukningin t.d. í áfengistengdum dauðsföllum jókst um 30% fyrsta árið og 20% annað árið. Svipaða sögu má segja um öll önnur vandamál sem tengjast misnotkun áfengis. Finnar íhuga nú alvarlega að hækka skattana aftur til þess að reyna að draga úr heildarneyslunni en lexían var þeim dýr.

Áfengi er ein af fáum söluvörum þar sem rannsóknir sýna að sterkt samband er á milli heildarneyslu og þess skaða sem neyslan veldur í samfélaginu. Skv. nýlegum rannsóknum sem birtar voru í Lancet kom fram að áfengi er í fimmta sæti yfir hættulegustu vímuefni heims. Því er engin furða að stjórnvöld vilji stýra áfengissölunni með aðhaldssamri áfengisstefnu.

Lönd innan Evrópu eiga heimsmet í áfengisneyslu pr. íbúa. Hvergi í heiminum er drukkið eins mikið áfengi á mann. Áhyggjur sérfræðinga af þróun mála í þessum löndum fara vaxandi því neyslumynstrið er að þróast yfir í „binge drinking“ eða magndrykkju. Það þýðir að drukkið er mikið í einu til þess að verða ölvaður sem fyrst. Annað sem veldur sérfræðingum í áfengismálum áhyggjum er að sókn markaðsaflanna í ungt fólk hefur aldrei verið meiri en nú, t.d. eru framleiddir áfengir drykkir sem þeir telja að séu markaðssettir beint til unglinga. Sérfræðingar í áfengismálum innan WHO og Evrópusambandsins hafa miklar áhyggjur af þessari þróun en skoðun þeirra er sú að þar sem aðhaldssöm stjórnun er á sölu áfengis eigi skilyrðislaust að halda í slík kerfi og þar sem mest frjálsræði ríkir eigi að þrengja að. Þeir benda á að rannsóknir sýni einmitt að aðhaldssöm stjórnun áfengismála leiði beint til minni unglingadrykkju.

Nokkuð hefur verið rætt um að lækka áfengiskaupaaldur á Íslandi niður í 18 ár. Slíkt var gert t.d. í Bandaríkjunum og Nýja Sjálandi. Afleiðingarnar í Bandaríkjunum voru þær að neysla áfengis meðal unglinga jókst svo mikið með tilheyrandi skaðsemisáhrifum að breytingin var afturkölluð og nú er áfengiskaupaaldurinn þar alls staðar 21 ár. Svipað gerðist á Nýja Sjálandi þegar áfengiskaupaaldurinn var lækkaður úr 20 árum í 18 ár. Þar eru umræður um að hækka hann aftur vegna slæmrar reynslu. Einnig hefur umræða orðið um hvort leyfa eigi sölu á léttvíni og bjór í matvöruverslunum. Ef breytingarnar eiga sér stað eykst aðgengi að áfengi verulega og niðurstöður sérfræðinga benda til þess að heildarneysla á áfengi muni aukast.

Með rekstri verslunar eins og ÁTVR sýna stjórnvöld í verki að áfengi er ekki eins og hver önnur söluvara en áfengiseinkasölur í einhverju formi eru reknar víða. Öll Norðurlöndin nema Danmörk hafa slík sölukerfi. Í Bandaríkjunum eru einkasölur af fjölbreyttu tagi í 18 fylkjum af 50 og í Kanada í tólf fylkjum af þrettán. Í þessu sambandi má einnig geta þess að íslenskar reglur um áfengi og neyslu þess eru með þeim skilvirkustu í heimi að mati vísindamanna hjá læknaháskólanum í New York.

Þessu til viðbótar hefur ÁTVR á undanförnum árum skilgreint betur samfélagslega ábyrgð sína en hún kemur m.a. fram í eftirfarandi þáttum:

ÁTVR sinnir hlutverki sínu með eins lítið áberandi og fyrirferðarlitlum hætti og mögulegt er.

ÁTVR tekur þátt í að byggja upp vínmenningu, t.d. með fræðslu til viðskiptavina um vín og tengingu matar og vína.

ÁTVR fer í ýmsar herferðir þar sem samfélagsleg ábyrgð er í fyrirrúmi. Má nefna t.d. „Akstur og áfengi fara ekki saman“, „Ábyrgð gestgjafans“, og „Kaupum ekki áfengi fyrir unglinga“.

Strangt eftirlit er með aldri viðskiptavina.

Ábyrg starfsemi, t.d. engar söluhvetjandi aðgerðir.

Samstarf við lögreglu og aðila sem vinna að forvörnum. Sérstök áhersla er á að torvelda aðgengi unglinga að áfengi.

Af ofangreindu má sjá að ÁTVR er falið ákaflega mikilvægt samfélagslegt hlutverk. Í dag er ÁTVR þjónustufyrirtæki sem byggir á samfélagslegum gildum. Engin söluhvetjandi starfsemi er stunduð né reynt að ýta vörum að viðskiptavinum í því skyni að fá þá til þess að kaupa meira. Lögð er áhersla á að vöruþekking starfsfólksins sé mikil og að viðskiptavinir fái notið úrvals þjónustu. Verslunin einbeitir sér einnig að því að bæta vínmenningu á Íslandi með því að vekja áhuga viðskiptavina á vönduðum vínum, tengja saman vín og mat og reyna þannig að draga úr magndrykkju. Allt þetta er gert í þeim tilgangi að minnka þá skaðsemi sem misnotkun áfengis hefur í för með sér í þjóðfélaginu.

*Ívar J. Arndal*

# 8 Árið í heild

Rekstur ÁTVR á árinu 2006 var nokkuð hefðbundinn. Hagnaður fyrirtækisins jókst á milli ára og var 602 millj. kr. Þjónustan við viðskiptavini var aukin og nú má finna vínbúðir sem opnar eru frá kl. 9 á morgnana til kl. 20 á kvöldin alla virka daga. Áhersla hefur verið lögð á að auka vöruval með gæðavínum. Á árinu var sérvínum fjölgað í vöruvali vínbúðanna og dreifingin aukin þannig að allar vínbúðir hafa sérvín á boðstólum. Fjöldi tegunda ræðst að nokkru leyti af stærð vínbúðanna.

Í upphafi ársins var gerð aðgerðaáætlun sem byggð var á stefnu fyrirtækisins. Yfirstjórn ÁTVR heimsótti alla vinnustaði fyrirtækisins og kynnti áherslur ársins. Var þeirri nýbreytni vel tekið af starfsfólki. Í tengslum við frábæra frammistöðu á síðasta ári fengu allir starfsmenn ÁTVR gefins vandaða flíspeysu sem merkt var með slagorði vínbúðanna, „lifum, lærum og njótum“.

Í mars var innleidd ný þjónustustefna undir kjörorðinu „Til þjónustu reiðubúin“ og nýir mælikvarðar teknir í notkun. Slagorðin „lifum, lærum og njótum“ eru fléttuð inn í þjónustustefnuna og hún þannig tengd beint við stefnu ÁTVR. Með innleiðingu nýju þjónustustefnunnar hefur starfsfólkið nú meiri sveigjanleika til þess að veita einstaklingsmiðaða þjónustu eftir þörfum viðskiptavina. Allt er þetta gert til þess að auka ánægju starfsfólks og um leið viðskiptavina okkar.

Allnokkrar breytingar urðu á verslunum ÁTVR á árinu, en m.a. var Vínbúðin í Mjódd flutt og Vínbúðin á Dalvegi endurnýjuð og stækkuð. Á landsbyggðinni voru verslanirnar í Stykkishólmi og Vopnafirði fluttar í nýtt húsnæði og Vínbúðin á Reyðarfirði var stækkuð. Einnig var unnið að endurhönnun afgreiðsluborða og ný borð sett upp í versluninni í Mosfellsbæ.

Miklar breytingar urðu hjá verslunarstjórum vínbúða á höfuðborgarsvæðinu í upphafi ársins. Flest allir verslunarstjórar voru fluttir til og tóku þeir við á nýjum stað í upphafi árs. Föst regla er að gera þessa tilfærslu á fimm til sex ára fresti. Breytingin gekk vel fyrir sig og reynt var að koma til móts við sem flesta við tilfærsluna.

Einn liður í því að efla samstöðu á vinnustöðum ÁTVR voru hlutverkaskipti sem sett voru í gang á haustmánuðum. Skiptin fólust í því að starfsfólk skrifstofu fór að vinna einn dag í vínbúðum og dreifingarmiðstöð. Allir á skrifstofu ÁTVR hafa nú unnið einn dag í annarri starfsstöð. Í framhaldinu er áformað að verslunarstjórar kynnist starfsemi á skrifstofu og í dreifingarmiðstöð.

Haldnar voru ýmsar samkomur starfsfólksins á árinu. Helst má nefna vel sótta árshátíð og kynningar á þemadögum, þar sem starfsfólki er boðið upp á að smakka vín og ræða við vínsérfræðinga ásamt því að bragða á mat sem hæfir víninu. Einnig var að venju haldið jólaball fyrir ungu kynslóðina.

Samfélagsleg ábyrgð hefur fengið meira vægi í rekstri ÁTVR á undanförnum árum. Á árinu var höfðað til ábyrgðar hinna fullorðnu og lögð áhersla á að þeir kaupi ekki áfengi fyrir unglinga. Jafnframt var aukin áhersla á skilríkjaathuganir í vínbúðunum þannig að ungt fólk er oftar spurt um skilríki en áður.

Mikilvægt er að halda áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið og verða áherslur næsta árs með svipuðum hætti og undanfarið. Við vonumst til að okkur takist sameiginlega að veita viðskiptavinum okkar úrvals þjónustu um leið og horft er til samfélagslegrar ábyrgðar og hagkvæmni í rekstri.





Algengt er að vinna bragðefni úr ávöxtum til þess að gefa áfengum drykkjum bragð. Nektarína er einn þessara ávaxta sem sóst er eftir að nota sem bragðgjafa í líkjöra og tilbúna blandaða drykki. Nektarína er náskyld ferskju og hið suðræna, ljúfa ávaxtabragð er það sem heillar.



Jarðvegur skiptir meginmáli í allri ræktun. Áhrif jarðvegar eru greinileg í öllum betri borðvínum heims, en hann skilar sterkum einkennum í þrúgusafann.  Gæði jarðvegar skipta einnig meginmáli fyrir uppskerumagn. Því betri jarðvegur og næringarríkari því meiri verður uppskeran.



# Heildarstefna ÁTVR

## Leiðarljós

ÁTVR vill stuðla að ábyrgri neyslu áfengis með áherslu á tengsl matar og áfengra drykkja.

## Stefna

ÁTVR er framsækið og ábyrgt fyrirtæki sem leggur áherslu á að veita öllum viðskiptavinum sínum góða þjónustu, stuðla að jákvæðri vínmenningu og draga úr neyslu tóbaks.

## Stefnumið

### Við gerum viðskiptavini okkar ánægðari

Við byggjum upp þjónustu okkar með þarfir hinna ólíku viðskiptavina í huga. Þjónusta vínbúðanna grundvallast á hvatningu til að njóta áhugaverðrar tengingar matar og vína. m.a. með námskeiðum og kynningum. Við viljum að viðskiptavinum okkar þyki gaman að versla í vínbúðunum og líti á það sem fræðandi upplifun.

### Við tryggjum fjölbreytt og áhugavert vöruúrval

Við leggjum metnað í að vöruúrval okkar sé framsækið, í samræmi við væntingar viðskiptavina á hverjum tíma, og nái til helstu vínræktarsvæða heimsins.

### Við erum samfélagslega ábyrg

Við virðum að fullu reglur við sölu á áfengi og tóbaki. Við stuðlum að ábyrgri áfengisneyslu og umgengni við áfengi, öllum til ánægju. Við störfum með þeim aðilum sem vinna að forvörnum.

### Við rekum ÁTVR á hagkvæman hátt

Við höfum hagkvæmni að leiðarljósi þegar við lögum okkur að þörfum markaðarins. Þannig aukum við virði fyrirtækisins um leið og við stöndum skil á greiðslum í ríkissjóð.

### Við gerum starfsmenn okkar ánægðari

Við búum þeim skapandi og lifandi starfsumhverfi sem virkjar þann kraft sem í þeim býr og laðar til okkar hæft fólk sem býr yfir frumkvæði og þjónustulund.

### Við eflum samstarf við birgja

Við eflum tengsl við birgja og vinnum með þeim að framsetningu í vínbúðum, kynningum og fræðslu til viðskiptavina og starfsmanna. Samskipti við birgja byggja á gagnsæi, gagnkvæmu trausti og hlutleysi.

### Við tryggjum öflugt gæðastarf

Við eflum vitund starfsmanna okkar og birgja um framúrskarandi þjónustu og vörumeðferð.

# 12 Skipurit




Nýtt skipurit tók gildi 1. apríl 2007. Helstu breytingar eru að stjórnkerfið var einfaldað og sviðum fækkað. Ný eining, skrifstofa forstjóra, var búin til og sér sú eining um þau verkefni sem jafnan eru á borði forstjóra. Fjárhagssvið, fasteignasvið og dreifingarmiðstöð eru teiknuð til hliðar við sölu- og þjónustusvið. Þetta er gert til að sýna að hlutverk þessara eininga er að styðja við starfsemi sölu- og þjónustusviðs og veita því sem besta þjónustu í anda þjónustustefnu vínbúðanna. Samhliða þessu er verið að leggja af deildahugsun og lögð er áhersla á verkefnaskipulag. Stofnaðir verða sérstakir verkefnahópar sem bera ábyrgð á að leysa skilgreind verkefni.

## Framkvæmdaráð



Talið frá vinstri: Jóhann Steinsson, Jónína A. Sanders, Ívar J. Arndal, Einar S. Einarsson, Sigrún Ósk Sigurðardóttir og Gunnar Gunnarsson.

Framkvæmdaráð er hópur æðstu stjórnenda ÁTVR. Framkvæmdaráð starfar í umboði forstjóra og þar sitja auk forstjóra, framkvæmdastjórar sviða, aðstoðarframkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs og aðalbókari. Ráðið hittist að jafnaði einu sinni í viku og fjallar m.a. um stefnumál fyrirtækisins, helstu verkefni og skipulag.





# Starfsemin 13

Vatn er undirstaða alls lífs á jörðinni. Þessi undursamlegi vökvi er einnig uppistaðan í öllum áfengum drykkjum. Hvar sem framleiða á úrvalsdrykki þá er mest um vert að grunnhráefnið, vatnið sjálft, sé algerlega tært og laust við alla mengun.  Ný og breytt umhverfissjónarmið hafa opnað augu almennings fyrir mikilvægi þess að hafa aðgang að fyrsta flokks hreinu vatni.

# 14 Viðskiptavinir

Stjórnendur og starfsfólk ÁTVR hafa markvisst unnið að því að gera viðskiptavini vínbúðanna ánægðari, enda hefur það verið eitt helsta stefnumið fyrirtækisins um nokkurt skeið. Samkvæmt könnunum sem gerðar hafa verið eru afgreiðslutímar, staðsetning, vöruúrval og þjónusta þeir þættir sem skipta viðskiptavininn mestu máli og margt hefur verið gert á árinu til að stuðla að því að bæta þessa þætti og veita viðskiptavinum enn betri þjónustu.

Afgreiðslutími vínbúða á höfuðborgarsvæðinu var samræmdur á árinu með það að markmiði að gera upplýsingar skilvirkari og einfaldari í hugum viðskiptavina. Einnig var ákveðið að auka til muna afgreiðslutíma á laugardögum, en nú er opið til klukkan 18 í öllum vínbúðum á höfuðborgarsvæðinu. Viðskiptavinir voru fljótir að átta sig á lengri laugardagsopnun og eru duglegir að nýta sér þessa bættu þjónustu.

Að auki var afgreiðslutími lengdur verulega í tveimur verslunum á höfuðborgarsvæðinu, og í þeim er opið frá klukkan 9 á morgnana til klukkan 20 á kvöldin, alla virka daga og mikil ánægja virðist vera með þessa nýjung á meðal viðskiptavina.

Allnokkrar breytingar urðu á verslunum ÁTVR á árinu. Þær helstu voru að verslunin í Mjódd flutti í nýtt og glæsilegt húsnæði að Stekkjarbakka. Verslunin á Dalvegi var stækkuð og endurnýjuð að öllu leyti og aðstaða fyrir gjaldkera og sölumenn var endurnýjuð í Heiðrúnu. Á landsbyggðinni var verslunin í Stykkishólmi flutt í nýtt og glæsilegt húsnæði, Vínbúðin á Vopnafirði var flutt til og er nú komin í sama húsnæði og matvöruverslun staðarins og húsnæði Vínbúðarinnar á Reyðarfirði var stækkað og er verslunin nú rúmgóð og björt.

Einnig var unnið að endurhönnun afgreiðsluborða og ný borð sett upp í versluninni í Mosfellsbæ.

## Fræðsla og þjónusta

Mikilvægt er að skynja ólíkar þarfir viðskiptavina og því hefur síaukin áhersla verið lögð á að þjóna ólíkum hópum þeirra sem til okkar leita. Sumir viðskiptavinir vilja skjóta þjónustu á meðan aðrir óska eftir mikilli fræðslu og aðstoð við val á víni hverju sinni. Við hjá vínbúðunum höfum leitast við að byggja þjónustu okkar á hvatningu til að njóta áhugaverðrar tengingar matar og vína. M.a. höfum við fjölgað vínsérfræðingum sem miðla til viðskiptavina margvíslegri þekkingu á hinum ýmsu vínum og samspili þeirra við mat og matargerð. Að sama skapi hefur sérstök veisluvínsþjónusta verið sett á laggirnar og starfa þar margreyndir sérfræðingar í því að aðstoða við val á víni fyrir veislur og samkomur.

## Þemadagar

Viðskiptavinum á að þykja gaman að versla í vínbúðum og þemadagar hafa gegnt því hlutverki að auka fjölbreytni til viðskiptavina, bæði í þjónustu, fræðslu og vöruvali. Á árinu voru í heildina fjórar mismunandi þemakynningar í vínbúðum. Viðskiptavinir höfðu tækifæri á að kynna sér vín frá Suður-Afríku og Chile og auk þess var áhersla lögð á að auðvelda viðskiptavinum valið á víninu með sumar-grillsteikinni eða hátíðarmatnum um jól og áramót. Á þemadögum hafa verið gefnir út myndarlegir bæklingar, með fræðslu um vín, mat og lönd sem verið er að kynna hverju sinni. Sú nýbreytni var á árinu að *uppskerudagar* voru haldnir í október, en þá voru nokkrar vínþrúgur kynntar sérstaklega og viðskiptavinum gefinn kostur á að kynna sér vín úr þeim þrúgum sem kynntar voru.

## Vínblað

Vínblaðið kom út fjórum sinnum á árinu, en þar er sem áður megináhersla lögð á fræðandi umfjöllun um vín og vínlandafræði með áherslu á tengingu víns og matar. Í blöðunum voru ýmsar fræðandi greinar skrifaðar af vínsérfræðingum sem og fleirum, en aukin áhersla hefur verið lögð á að koma á framfæri upplýsingum sem stuðla að ábyrgri neyslu áfengis. Í blaðinu er að auki ítarlegur vörulisti yfir allar þær vörur sem seldar eru í vínbúðum.

### Vöruúrval

Hjá ÁTVR starfa nú fimm vínsérfræðingar sem fylgjast grannt með þróun og helstu atburðum í vínheiminum og tryggja að vöruúrval vínbúða gefi góða mynd af framboði helstu framleiðenda og héraða í heiminum. Einnig höfum við lagt metnað í að vöruúrval okkar sé í samræmi við væntingar viðskiptavina á hverjum tíma. Því hefur áhersla verið lögð á að bjóða til sölu fleiri gæðavín til að tryggja enn frekar fjölbreytni í vöruúrvali vínbúða og um leið koma til móts við væntingar viðskiptavina.

Samstarf við birgja er mikilvægur þáttur í starfsemi ÁTVR. Gerð var könnun á meðal birgja þar sem fram kom að þeir eru yfir höfuð mjög ánægðir með samstarfið við ÁTVR og öll samskipti við starfsfólk. Áfram var unnið í samstarfi við birgja með þemadaga og smakk í vínbúðum fyrir starfsfólk til að auka þekkingu og um leið bæta þjónustu við viðskiptavini.

## Mannauður

Ánægt og hæft starfsfólk er einn af grundvallarþáttum í velgengni þjónustufyrirtækis eins og ÁTVR. Stefna ÁTVR er að skapa starfsfólki sínu skapandi starfsumhverfi og laða að hæft fólk sem býr fyrir frumkvæði og þjónustulund.

### Ný þjónustustefna

Ný þjónustustefna vínbúðanna var innleidd á árinu. Þar með voru aflagðir þjónustustaðlar sem gilt höfðu frá 1999. Kjörorð þjónustustefnunnar eru „TIL ÞJÓNUSTU REIÐUBÚIN“. Slagorð vínbúðanna „lifum, lærum og njótum“ er samofið þjónustustefnunni.




Þjónustuhringurinn grundvallast á trausti, hæfni og samvinnu. Þjónustuhringurinn var settur fram til stuðnings nýrri þjónustustefnu, en hann táknar feril viðskipta og hvernig starfsfólki er treyst til þess að þjóna viðskiptavininum á sem bestan hátt. Við erum vakandi, veitum góða þjónustu og við ljúkum viðskiptum á jákvæðan hátt.

***Þjónustustefna vínbúðanna.***

Við höfum frumkvæði að því að veita góða og lifandi þjónustu og aukum ánægju viðskiptavina með því að vera sveigjanleg og vingjarnleg.

Við leggjum okkur fram um að læra stöðugt og miðlum þekkingu okkar til viðskiptavina af áhuga.

Við njótum þess að þjóna viðskiptavinum og viljum að þeir hafi gaman af því að heimsækja vínbúðirnar.

*lifum, lærum & njótum*

Þjónustustefnunni er ekki síður ætlað að auka ánægju starfsfólks en viðskiptavina. Áhersla hefur verið lögð á að starfsfólk sé viðskiptavinir hvers annars og ekki sé minna mikilvægt að þjóna og sýna samstarfsfólki áhuga en þeim viðskiptavinum sem heimsækja vínbúðirnar.

Árleg vinnustaðagreining er notuð til að meta starfsánægju og fá fram álit starfsfólks á starfsemi og stjórnun fyrirtækisins. Niðurstöður ársins eru almennt góðar og bestu einkunnirnar lúta að starfsanda og samskiptum.

## Nýr fatnaður

Í tengslum við nýju þjónustustefnuna var ákveðið að skipta út fatnaði starfsfólks vínbúða og hefur þessi nýja fatalína mælst vel fyrir. Gamli fatnaðurinn var gefinn til Rauða krossins sem sendi fötin til Malaví en þar er mikið neyðarástand.

Fyrir frábæra frammistöðu á síðasta ári fengu allir starfsmenn ÁTVR að gjöf vandaða flíspeysu til einkanota sem merkt var með slagorði ÁTVR, *„lifum, lærum og njótum“*.

## Vínskóli og námskeið

Sérstök fræðsluáætlun er útbúin fyrir hvert misseri og er henni fylgt eftir bæði vor og haust. Námskeið Vínskólans voru fyrirferðarmikil ásamt ýmsum námskeiðum um tölvur og tölvunotkun, stjórnun og öryggisnámskeið.

Vínskóli vínbúða hefur verið starfræktur frá árinu 2003 og er markmið hans að auka vöruþekkingu starfsfólks og efla þannig þjónustu og ráðgjöf til viðskiptavina. Hjá fyrirtækinu eru starfandi fimm vínsérfræðingar sem eru til þjónustu reiðubúnir og veita ráðgjöf um val á víni í vínbúðum á höfuðborgarsvæðinu.

Farnar voru tvær námsferðir til útlanda, önnur til Jerez á Spáni og hin til Bordeaux í Frakklandi. Í sérfræðinganámskeiðum Vínskólans er stuðst við námsefni frá Wine and Spirit Education Trust (WSET) en það er breskur skóli sem hlotið hefur viðurkenningu á heimsvísu fyrir faglega kennslu í vínfræðum.

## Fræðsla um innanhússmál

Handbók starfsfólks var endurútgefin á árinu. Í handbókinni er að finna ýmsar upplýsingar um starfsemi og rekstur ÁTVR ásamt fróðleik um starfsmannamál fyrirtækisins. Handbókin er góð viðbót við Ásgarð, innri vef ÁTVR. Fréttabréf starfsfólks, *Flöskuskeytið*, er gefið út fjórum sinnum á ári og er það sent heim til allra starfsmanna.



Gæðavínþrúgur eru litlar, mun minni en matarvínber.  Þær eru sætari á bragðið, hafa þykkara hýði og í þeim eru steinar.



## Vinnustaðurinn

Miklar breytingar urðu hjá verslunarstjórum ÁTVR á höfuðborgarsvæðinu í upphafi ársins. Flest allir verslunarstjórar voru fluttir til og tóku þeir við á nýjum stað í upphafi árs. Breytingin gekk vel fyrir sig og reynt var að koma til móts við sem flesta við tilfærsluna. Föst regla er að gera þessa tilfærslu á fimm til sex ára fresti. Færsla á milli starfstöðva er gerð til að miðla þekkingu og reynslu á milli vínbúða og er hugsað sem tækifæri bæði fyrir starfsfólk og verslunarstjóra til að gera enn betur í því að þjóna viðskiptavinunum.

Einn liður í því að efla samstöðu á vinnustöðum ÁTVR voru hlutverkaskipti sem sett voru í gang á haustmánuðum. Skiptin fólust í því að starfsfólk skrifstofu vann einn dag í vínbúðum og dreifingarmiðstöð. Allir á skrifstofu ÁTVR tóku þátt í verkefninu og unnu einn dag, annað hvort í vínbúð eða dreifingarmiðstöð. Í framhaldi munu verkstjórnendur og aðrir starfsmenn sem áhuga hafa koma á skrifstofuna eða í dreifingarmiðstöð og kynnast störfum þar. Hefur þessi nýbreytni mælst vel fyrir á meðal starfsfólksins og jafnvel er talað um að gera þetta á hverju ári.

## Samkomur

Haldnar voru ýmsar samkomur meðal starfsfólks á árinu. Helst má nefna vel heppnaða og vel sótta árshátíð sem haldin var í Gullhömrum. Kynningar á þemadögum hafa verið vinsælar, þar sem starfsfólki er boðið upp á að smakka vín og ræða við vínsérfræðinga ásamt því að bragða á mat sem hæfir víninu. Einnig var að venju haldið jólaball fyrir ungu kynslóðina og sáu Gunni og Felix um að halda uppi fjörinu. Börnin kunnu vel að meta þá félaga, enda stórskemmtilegir. Góð mæting var á ballið og komu yfir 300 manns, þar af um helmingur börn. Hátíðin var sérlega vel lukkuð og mikil ánægja meðal gesta.

## Samfélagsleg ábyrgð

Vaxandi áhersla hefur verið lögð á samfélagslega ábyrgð ÁTVR á undanförnum árum. Þessari áherslu var á árinu fylgt eftir með herferð innan og utan vínbúða þar sem höfðað var til ábyrgðar hinna fullorðnu um að kaupa ekki áfengi fyrir unglinga. Markmiðið með auglýsingunum var fyrst og fremst að skapa umræðu um málefnið og vekja fólk til umhugsunar um hlutverk sitt og ábyrgð gagnvart áfengiskaupum fyrir unglinga. Samhliða þessu var lögð aukin áhersla á skilríkjaathuganir í vínbúðum og í samstarfi við lögreglu voru haldin námskeið til að fræða starfsfólk.

Stærsti hluti af andvirði þeirra plastpoka sem seldir eru í vínbúðum rennur í Pokasjóð. Á árinu veitti ÁTVR Umhverfisstofnun í annað sinn 5 millj. kr. styrk úr Pokasjóði til framkvæmda við Gullfoss. Árið 2004 veitti ÁTVR Umhverfisstofnun styrk til að vinna að gerð plankastéttar á efra plani við Gullfoss, en það bætti aðgengi ferðamanna að útsýnispalli fyrir ofan fossinn. Árið 2005 var lokið við að smíða um 200 metra af plankastéttinni og er styrk ársins 2006 ætlað að ljúka við gerð hennar þannig að hún nái að gestastofunni við Gullfoss.

## Rekstur

Stefna ÁTVR er að veita öllum viðskiptavinum sínum góða þjónustu samhliða því að leggja áherslu á hagkvæman og ábyrgan rekstur.

Hagnaður ÁTVR var 602 m.kr. í samanburði við 541 m.kr. árið 2005. Rekstrartekjur ársins voru 17.790 m.kr. Tekjur af sölu áfengis voru 11.436 m.kr. og jukust um 8,4% á milli ára. Tekjur af sölu tóbaks jukust um 4,2% á milli áranna 2005 og 2006 og voru 6.292 m.kr.

Rekstrargjöld námu 17.316 m.kr., þar af var vörunotkun 15.579 m.kr. Rekstrarkostnaður án vörunotkunar jókst um 9,4% á milli ára og var samtals 1.737 m.kr. Launagjöld var stærsti einstaki gjaldaliðurinn og námu þau alls 987 m.kr. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITA) var 571 m.kr eða 3,2% af veltu miðað við 3,3% á fyrra ári. Arðsemi eigin fjár á árinu var 27,8% miðað við 23,6% árið áður.

Mynd 4

**Sala áfengis í þúsundum lítra**




Alls voru seldir 18,4 m.ltr. af áfengi. Bjór er langstærsti söluflokkurinn en alls voru seldir 14,4 m.ltr. sem er um 78% af heildarsölu áfengis. Sala vindlinga nam 314,5 milljón stykkjum sem er aukning um tæplega 2% frá fyrra ári. Alls voru seld 14,4 tonn af neftóbaki og jókst salan um 4,2% á árinu.

Starfandi eru 46 vínbúðir á landinu, þar af 12 á höfuðborgarsvæðinu. Á landsbyggðinni eru 26 vínbúðir reknar í samstarfi við aðra rekstraraðila.

## Helstu niðurstöður úr samhæfðu árangursmati

| Flokkur | Áhersla í stefnukorti | Mælikvarðar | Markmið | Árangur |
|---|---|---|---|---|
| **Fjármál** | Auka hagkvæmni | Launakostnaður/tekjur | 5,50% | 5,66% |
| | | Rekstrarkostnaður/ tekjur | 3,80% | 3,93% |
| **Samfélagið** | Stuðla að ábyrgri áfengisneyslu | Sala sterks víns/ heildarsölu (lítrar) | 3,2% | 3,39% |
| | Forvarnir og fræðsla | Framlag í forvarnar- og fræðsluverkefni / tekjur | 0,15% | 0,17% |
| **Viðskiptavinir** | Ánægðir viðskiptavinir | Íslenska ánægjuvogin | 71 | 64 |
| | Ímynd | Íslenska ánægjuvogin | 6,9 | 6,4 |
| | Góð þjónusta | Heildaránægja með þjónustu | 88% | 90% |
| | Vel tekið á móti viðskiptavinum | Ánægja með viðmót starfsfólks | 4,5 | 4,5 |
| **Innri ferlar** | Skilvirkir ferlar og gæðakerfi | Veltuhraði áfengis | 18 | 17,1 |
| | | Rekstrarmarkmið vínbúða | 8,3 | 8,0 |
| | Góð samvinna við birgja | Heildaránægja birgja | 4,0 | 4,0 |
| **Lærdómur og vöxtur** | Hæft og ánægt starfsfólk | Vinnustaðagreining - heildaránægja | 74 | 73 |
| | Mannauður | Hlutfall starfsfólks sem lokið hefur grunnnámskeiði Vínskólans | 75% | 75% |
| | Upplýsingamiðlun | Vinnustaðagreining - nægjanlegar upplýsingar um stefnu, rekstur og afkomu | 67 | 64 |

## Markmið og árangur

Fylgst er með mikilvægum þáttum í starfsemi ÁTVR með því að styðjast við aðferðafræði samhæfðs árangursmats sem byggir á notkun skorkorts til að halda utan um markmið og mælingar. Í skorkortinu eru sett markmið og lágmarksviðmið fyrir hvern mælikvarða. Mælikvörðum er skipt í flokka sem endurspeglar stefnu og stefnumið ÁTVR. Flokkarnir eru fjármál, samfélagið, viðskiptavinir, innri ferlar og lærdómur og vöxtur. Markmið og mælikvarðar eru endurmetnir árlega í samræmi við stefnu og aðgerðir ársins. Af 33 mælikvörðum náðu 11 markmiðum, 16 náðu lágmarki en ekki markmiðum og 6 mælikvarðar náðu ekki lágmarki. Aðferðafræði sem þessi gefur tækifæri til að greina reksturinn og leggja grunn að nýjum áherslum og aðgerðum. Sérstaklega er horft til þeirra mælinga sem ekki skiluðu fullnægjandi niðurstöðu en jafnframt er áhersla lögð á að viðhalda góðum árangri í öðrum þáttum.

# Vínbúð ársins



Öllum vínbúðum eru sett mælanleg markmið. Búðunum er skipt í tvo flokka, stórar vínbúðir þ.e. 500 tegundir og fleiri og minni búðir, 300 tegundir og færri. Mældir eru níu þættir sem hafa mismunandi vægi en samtals getur vínbúð fengið 10 í einkunn ef hún nær öllum markmiðum sínum. Þættirnir eru veltuhraði, óútskýrð rýrnun, laun sem hlutfall af vörusölu, skilríkjaathuganir, talningareinkunn, gæðaeinkunn, ánægja viðskiptavina og viðmót starfsfólks.

Markmið um veltuhraða er mismunandi eftir stærð vínbúða frá 16 fyrir minnstu búðirnar en 36 í stærstu. Mikil áhersla hefur verið á að óútskýrð rýrnun sé sem lægst hjá fyrirtækinu í heild og er markmið það sama fyrir allar vínbúðir eða 0,06% af veltu. Laun sem hlutfall vörusölu er mælikvarði þar sem markmiðið er sniðið að hverri vínbúð fyrir sig. Þessi liður er ekki mældur hjá samstarfs-verslunum.

Í samræmi við stefnu og áherslur samfélagslegrar ábyrgðar var í fyrsta skipti gefin einkunn fyrir skilríkjaathuganir. Mælt er í vínbúðum hversu oft er spurt um persónuskilríki sem hlutfall af heildarafgreiðslufjölda, markmiðið er 2% hjá stóru vínbúðunum en 1% hjá þeim minni. Meirihluti vínbúða náði þessu mark-miði sem er mjög góður árangur.

Annar skilríkjamælikvarði eru hulduheimsóknir. Könnunin fer þannig fram að ungt fólk á aldrinum 20–23 ára er sent í vínbúðir á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri, greiðir með peningum og skráir hjá sér hvort það er spurt um persónuskilríki. Markmiðið er að spurt sé um skilríki í 90% tilfella. Fáar vínbúðir náðu þessu markmiði á árinu enda er hér um mjög metnaðarfullt markmið að ræða. Áfram verður haldið á sömu braut og mikil áhersla lögð á þennan þátt í starfsemi vínbúðanna.

Rekstrardeild sér um skynditalningar og gæðaeftirlit í vínbúðunum. Markmið-ið er að þessi einkunn sé í öllum tilfellum ekki lægri en 8,5 fyrir báða þættina. Flestallar vínbúðir náðu þessum markmiðum.



Vínbúð ársins 2006 í flokki minni búða, Vínbúðin á Egilsstöðum. Birna Guðmundsdóttir, Þórunn Stefánsdóttir, Sigríður Rún Sigurðardóttir og Jóhann Brynjar Júlíusson (verslunarstjóri).

Í fyrsta skipti var á árinu 2006 könnuð ánægja viðskiptavina og viðmót starfs-fólks í hverri vínbúð. ÁTVR er brautryðjandi á þessu sviði þ.e. að kanna ánægju viðskiptavina svo nákvæmlega. Kannanir eru gerðar þrisvar á ári. Markmiðið er það sama fyrir allar vínbúðir þ.e. að ánægja viðskiptavina sé 4,4 (á skalanum 1–5) og að viðmót starfsfólks mælist ekki lægra en 4,5. Kannanirnar gefa miklar og gagnlegar upplýsingar sem er gott veganesti í enn frekari þróun á þjónustu



Vínbúð ársins 2006 í flokki stærri búða, Vínbúðin Spönginni. Þorgeir Baldursson (verslunarstjóri), Snorri Þorsteinn Davíðsson, Stefán Sigurjónsson, Dagmar Valdimarsdóttir, Sigurður Sölvi Svavarsson, Valgerður Jóhannesdóttir, Edda Þórey Kristfinnsdóttir og Dagrún Gröndal

vínbúðanna. Margar vínbúðir náðu markmiðum sínum, en heildina má lesa út úr könnunum að viðskiptavinir stærri vínbúða þ.e. á höfuðborgarsvæðinu séu ekki eins ánægðir með þjónustu og viðmót og viðskiptavinir á landsbyggðinni.

